

Dreifibréf landlæknisembættisins - 2/2011

## Tilmæli sóttvarnalæknis

### Bólusetning heilbrigðisstarfsmanna heilbrigðisstofnana á Íslandi

Tilgangur þessara tilmæla, sem gefin eru með stoð í sóttvarnalögum, er að tryggja heilbrigði heilbrigðisstarfsmanna sjúkrastofnana og öryggi sjúklinga með því að minnka líkur á útbreiðslu farsóttá á sjúkrastofnunum. Það er á ábyrgð hvernar sjúkrastofnunar að hrinda þessum tilmælum í framkvæmd en kostnaður fellur á einstaka sjúkrastofnun nema bólusetning gegn árlegri influensu (sjá neðar).

Skilgreining á heilbrigðisstarfsmanni er sá sem kemur að umönnun veikra á sjúkrastofnun.

Við nýráðningu heilbrigðisstarfsmanna skal tryggja að þeir séu fullbólusettir gegn eftirtöldum sjúkdómum (sjá yfirlit yfir almennar bólusetningar á Íslandi):

- barnaveiki (Diphtheria)
- stífkrampa (Tetanus)
- kíghósta (Pertussis)
- mænusótt (Polio)
- mislingum (Morbilli)
- hettusótt (Parotitis epidemica)

- rauðum hundum (Rubella)
- lifrabólgu B (hepatitis B)
- pneumókokkasýkingum; hjá einstaklingum 60 ára og eldri á 10 ára fresti.

Ef viðkomandi er ekki fullbólusettur skal bjóða honum bólusetningu samkvæmt ofangreindum leiðbeiningum.

Endurmeta skal bólusetningu heilbrigðisstarfsmanna á 10 ára fresti samkvæmt leiðbeiningum sóttvarnalæknis.

Endurbólusetja skal heilbrigðisstarfsmenn á 10 ára fresti gegn barnaveiki, stífkrampa og kíghósta (dtp). Í dag er á markaði eftirtalið bóluefni til notkunar hjá fullorðnum sem inniheldur ofangreinda mótefnavaka í einni og sömu sprautu: Boostrix®

Mælst er til þess að allir heilbrigðisstarfsmenn séu bólusettir gegn árlegri influensu. Kostnaður bóluefnisins fellur á sóttvarnalækni.


Sóttvarnalækni

## Leiðréttingar

Læknablaðið biðst velvirðingar á handvömmum í síðasta blaði.

- Misritað var í myndatexta á blaðsíðu 365. Nafn mannsins lengst til hægri á myndinni er Halldór Grímsson.
- Höfundur hugleiðinga við síðfræðitilfellið á bls. 384 í júníblaðinu er Jón Eyjólfur Jónsson öldrunarlæknir.

Í greininni *Fenýlketónúría á Íslandi* eftir Karl Erling Oddason, Lilju Eiríksdóttur, Leif Franzson, Atla Dagbjartsson: 349-52, var birt úrelt mynd. Sú rétta er hér fyrir neðan ásamt texta:



Mynd 1. Aldur við upphaf meðferðar. Einstaklingum er raðað eftir aldri, sá elsti lengst til vinstri. Besta lína aldursraðar og aldur við upphaf meðferðar eru sýnd á mynd.

## Er ráðstefna framundan?

Alhliða skipulagning ráðstefna og funda

Engjateigur 5 | 105 Reykjavík | 585-3900 | congress@congress.is | www.congress.is

CONGRESS  
REYKJAVÍK